

Íslandsdeild Norðurlandaráðs
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2019

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu flokkahóps jafnaðarmanna í Norðurlandaráði um forvarnir gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

tillögu flokkahóps jafnaðarmanna í Norðurlandaráði um forvarnir
gegn sjálfsvígum á Norðurlöndum.

Inngangur

Rauði krossinn á Íslandi starfrækir Hjálparsíma Rauða krossins 1717 sem tekur við um 15.000 símtölum og netspjöllum á hverju ári. Um 7-800 þeirra tengjast alla jafna sjálfsvígum og sjálfsvígshugsunum. Þegar þessi umsögn er rituð eru símtölin þegar orðin 711 á árinu 2019 en á sama tíma í fyrra voru þau 542. Fjölgunin nemur því 31 prósentu.

Karlar eru í meirihluta þeirra sem hringja í Hjálparsímann vegna sjálfsvígshugsana. Flestir þeirra eru í aldurshópnum 51-65 ára. Konur sem hringja eru hins vegar flestar í aldurshópnum undir 18 ára.

Viðbragðshópar Rauða krossins veita sálrænan stuðning um allt land á hverju ári vegna náttúruhamfara, slysa og annarra alvarlegra atburða. Á síðasta ári voru 23 útköll vegna sjálfsvíga á Íslandi.

Almennar athugasemdir

Rauði krossinn á Íslandi fagnar og tekur undir þau markmið sem koma fram í tillögunni. Ljóst er að þörf er á samhæfðu átaki til að bregðast við hinum mikla fjölda sjálfsvíga á Norðurlöndum.

Tillagan er mjög metnaðarfull. Þeim aðgerðaáætlunum sem gera má ráð fyrir að unnar verði á grundvelli markmiðanna verður því að fylgja verulegt fjármagn í öllum samstarfsríkjunum.

Slíkar aðgerðaáætlanir verða m.a. að taka til eflingar þekkingar á sviði sjálfsvíga og sjálfsvígsforvarna, geðræktar, forvarna gegn vímuegðum, forvarna á sviði ofbeldis og áfalla.

Stórauka þyrfti framlög í geðheilbrigðisþjónustu. Þá þyrfti að gera fólki kleift, sem hefur ekki mikil fjárráð, að sækja sér sálfræðiþjónustu. Slík þjónusta þyrfti að ná til allra aldurshópa. Þjónustan þarf að vera lágþröskuldþjónusta án aðgreiningar.

Lokaorð

Rauði krossinn vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að hitta fulltrúa norrænu velferðarnefndarinnar til að ræða málefnið og innihald umsagnarinnar enn frekar.